


**Kaupfélag Eyfirðinga fagnar hálfrar aldar afmæli 19. júní 1936. Fánar blakta yfir höfuðstöðvum KEA við Kaupvangstorg. Félagið stóð fyrir miklum iðnaði í Grófargili en gilið var langt fram á 20. öld annað helsta iðnaðarhverfi bæjarins.**

**KEA – Eyjafjörður Cooperative Society celebrates its 50th anniversary, 18 June 1936. The company pioneered commerce and industry in Akureyri for most of the 20th century, making the street of Kaupvangsstræti the centre of industry.**

Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson

# Kaupvangstorg

Þú ert á Kaupvangstorgi þar sem þræðir athafnalífsins fléttuðust saman. Líftaug bæjarins, Torfunefsbryggja, var í næsta nágrenni. Smíði hennar hófst í júní 1905 undir stjórn Danans O. W. Olsen. Tveimur mánuðum síðar tilkynnti Olsen verklok. Morguninn eftir hrundi bryggjan en var reist að nýju. Um leið fluttist þungamiðja bæjarins úr Innbænum og út á Torfunef.
Upp af torginu, í Grófargili, var iðnaðarhverfi bæjarins. Þar voru verksmiðjur sem framleiddu allt milli himins og jarðar svo sem sælgæti, gosdrykki, málningu, þvottaefni, smjörlíki, brauð, kerti og allskonar kjötvörur. Þar voru líka sláturhús, fjölbreytt mjólkurvinnsla, þvottahús og kornmylla.
Grófargil hefur gengið undir ýmsum nöfnum, svo sem Grútargil, Laugaskarð, Kaupfélagsgil og nú seinast Kaupvangsstræti og Listagil. Þaðan er nú allur iðnaður á braut en í staðinn komnir veitingastaðir og fjölbreytt menningar- og listastarfsemi, Myndlistaskólinn og Listasafnið á Akureyri.

# Commercial Square

You are in Kaupvangstorg, a square of bustling activity, with Akureyri's main pier, Torfunefsbryggja, close by, whose construction in 1905 was a decisive event in shifting the town centre to this location and away from the old precinct, where Akureyri´s first merchant houses were built.
The headquarters of industry were on the slope above the square, accommodating factories producing goods of every conceivable kind; sweets, soft drinks, paint, washing powder, margarine, bread and candles, as well as a variety of processed meat products. Here also were abattoirs, highly developed dairies, a laundry and a corn mill. Those days of industry are long past, however, and today the slope is the venue of activities of an entirely different character; such as restaurants, bookshops, handcraft and design shops, as well as diverse other cultural and artistic initiatives, examples of which are the School of Visual Arts and Akureyri Art Gallery.

Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson



Íslandsferðaskipið Dronning Alexandrine við Torfunefsbryggju laust fyrir 1930. Á Pollinum er skemmtiferðaskip. Húsin efst til hægri eru Caroline Rest, gjöf bandaríska auðjöfursins Schrader til bæjarbúa árið 1913. Í Caroline Rest var boðin gisting fyrir menn og hesta. Húsið var rifið 1979. Þar fyrir neðan er Edinborgarhúsið, reist 1900, sem hýsir veitingastaðinn Bautann.

The regular Iceland steamer, Dronning Alexandrine, at Torfunefsbryggja Pier just before 1930. In the background, a pleasure cruiser; foreground, an early town hotel.

Ljósmynd: Hallgrímur Einarsson




Kaupvangstorg 1925. Grófargilslækur rann niður gilið. Bílheld brú er yfir lækinn. Andspænis Hamborg er fyrsta íbúðarhúsið í miðbænum, byggt 1894. Það var rifið til að rýma fyrir stórhýsi KEA sem reis 1930. Við hlið Hamborgar, sem byggð var 1909, er París, turnum prýtt, byggð 1913.

Kaupvangstorg in 1925. A bridged stream flows down the slope. Opposite Hamborg, one of Akureyri's major stores, is the first residential building in the town centre, built in 1894 and demolished in 1930 to create space for the new KEA headquarters. The building boasting two towers is another important store, named Paris.

Ljósmynd: Vigfús Sigurgeirsson



Miðbærinn árið 1927. Fremst til vinstri er Jerúsalem sem hýsti kvennaskóla og þar fyrir norðan er Hótel Goðafoss, á þessum lóðum byggði KEA seinna stórhýsi sín. Flest húsin vinstra megin götunnar eru nú horfin en mörg húsin hægra megin standa enn.

The stores on the right hand side, named after two European cities, Paris and Hamborg, still dominate the street view. The second building on the opposite side was the ladies' school Jerusalem and next in line Hotel Goðafoss. Most of the houses on the left side of the street do not exist today.

Hönnun Teikn á lofti ehf. Texti Jón Hjaltason. Ljósmyndir Minjasafnið á Akureyri. Norðurorka gaf skiltið.

www.visitakureyri.is

MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM

NORÐURORKA